




ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

**lausleg athugun á áhrifum
raforkusamningsins við Ísal á raforkuverð
Landsvirkjunar til almenningsveitna**

Jón Vilhjálmsson

OS-83042/VOD-21 B

Júní 1983



ORKUSTOFNUN
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

**lausleg athugun á áhrifum
raforkusamningsins við ísal á raforkuverð
Landsvirkjunar til almenningsveitna**

Jón Vilhjálmsson

OS-83042/VOD-21 B

Júní 1983

Dags.

1983-06-14

Dags.

Tilv. vor

JB/gb

Tilv. yðar

Iðnaðarráðherra
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
101 REYKJAVÍK

Varðar: lauslega athugun á áhrifum íSALs á raforkuverð til almenningsnota. Framhaldsathugun.

Með bréfi til hins háa ráðuneytis sendi Orkustofnun 1983 03 09 niðurstöður athugunar á ofangreindu efni, sem hún hafði gert að munnlegri beiðni ráðuneytisins.

Eftir að þær undirstöður voru sendar óskaði ráðuneytið eftir því, að stofnunin bætti við fyrri athugun sína (1) tilvikum varðandi forsendur sem ekki voru tekin með í henni (nefnd tilvik 2 og 3 í meðfylgjandi greinargerð) og (2) athugaði málid út frá forsendum um óbreyttan rekstrarhagnað Landsvirkjunar með og án íSALs, (aðferðir 2 og 3 í meðfylgjandi greinargerð), í stað óbreyttrar arögjafar, sem gengið var út frá í fyrri athugun (aðferð 1 í greinargerðinni).

Hjálagt fylgir greinargerð Jóns Vilhjálmssonar, deildarstjóra Orkubúskapardeildar, um þessa framhaldsathugun. Inn í hana hafa verið felldar niðurstöður þær, sem sendar voru í bréfi til ráðuneytisins 1983 03 09 (Tilvik 1; aðferð 1). Þessi sama greinargerð var send ráðuneytinu með bréfi 1983 05 25, en þá var aðeins eftir að yfirfara og lagfæra texta fyrir fjöldritun. Efnislega er meðfylgjandi greinargerð óbreytt frá þeirri sem fylgdi því bréfi.

Orkustofnun ítrekar það sem rakið er í bréfi hennar frá 1983 03 09 og í inngangskafla meðfylgjandi greinargerðar, að niðurstöður athugana af þessu tagi, þar sem sögulegar staðreyndir eru bornar saman við eina aðra framkvæmdaröð af mörgum hugsanlegum, gefa einungis vísbindingu, en ekki ótvíraða vitneskju, um hvað raforkuverð til almennings hefði orðið án samningsins við íSAL. Ber því að mati stofnunarinnar að fara varlega í öllum ályktunum um verðmun sem dregnar kunna að verða af þessum niðurstöðum. Þróun þessa verðmunar -eða verðhlutfalla- með tímanum er líklega marktækasta ályknunin sem dregin verður af þessum athugunum, og virðist hún mun marktækari en hlutföllin sjálf.

Að mati Orkustofnunar er markverðasta ábendingin af þessari athugun einmitt sú, að hlutfall raforkuverðs til almenningsveitna án íSALs og með því virðist fara lækkandi með tímanum. Verði raforkuverðið í samningnum við íSAL því ekki fljótlega hækkað bendir margt til að ávinningsurinn af honum fyrir hinn almenna rafmagnsnotanda, sem virðist ótvírætt hafa verið til staðar fyrstu árin, þótt þessi athugun gefi ekki mjög góða vitneskju um hve mikill hann hefur verið, verði brátt uppurinn, ef hann er það ekki nú þegar.

Þetta leiðir einnig hugann að ákvæðinu í lögum um Landsvirkjun um að samningar við stóriðjunotendur megi ekki leiða til herra raforkuverðs til almennings. Hvað er eiginlega átt við með sliku ákvæði? Táknar það t.d. að verðið til almennings megi ekki vera herra einstök ár með súlikum samningi en án hans, jafnvel þótt það sé lægra önnur ár. Eða er átt við meðaltal margra ára með þessu ákvæði? Hve margra þá? Þegar litið er á sveiflurnar í linuritunum sem fylgja þessari greinargerð fer ekki hjá því að súlikar spurningar vakna. Að mati Orkustofnunar er lagaákvæði sem þetta ekki sérlega vel til þess fallið að tryggja hag hins almenna rafmagnsnotanda við þær óstöðugu aðstæður í orkumálum sem nú ríkja. Annarskonar ákvæði eru betur til þess fallin. Súlik ákvæði hefði þurft að sétja í nýju lögum um Landsvirkjun, í stað þess að taka óbreytt nær 20 ára gamalt ákvæði, sem var upprunnið við allt aðrar aðstæður en þær sem nú ríkja.

Að endingu er rétt að benda á, að athugun þessi tekur ekki til fjármögnum virkjunarframkvæmda við mismunandi forsendur. Gengið er út frá sömu fjármögnum virkjunarframkvæmdum með og án íSALs. Athugun þessi svarar t.d. ekki spurningunni um það, hvort lán til Búrfellsvirkjunar hefðu fengist án samnings við íSAL, og þá með hvaða kjörum. Í henni er gengið út frá að súlik lán hefðu fengist með sömu kjörum, óháð þeim samningi.

Allra virðingarfyllst


Jakob Björnsson

EFNISYFIRLIT

Bls.

| | |
|---|----|
| EFNISYFIRLIT | 3 |
| TÖFLUSKRÁ | 3 |
| MYNDASKRÁ | 4 |
| 1 INNGANGUR | 5 |
| 2 ÁETLANIR UM UPPBYGGINGU RAFORKUKERFISINS SEM MIÐAÐ VAR VIÐ PEGAR RAFORKUSAMNINGURINN VIÐ ÍSAL VAR GERÐUR | 6 |
| 3 FORSENDUR, AÐFERÐIR OG TILVIK, STUTT LÝSING | 8 |
| 4 NIÐURSTÖÐUR REIKNINGA | 10 |
| 4.1 Sama arðgjöf af eignum í rekstri | 10 |
| 4.2 Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals | 12 |
| 4.3 Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með stuðli sem fæst út frá raunverulegri lánastöðu Landsvirkjunar | 14 |
| 4.4 Spá fram til 1985 | 14 |
| 4.5 Núgildi tekna | 18 |
| 5 YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR | 20 |
| HEIMILDIR | 23 |
| VIÐAUKI 1: Forsendur | 25 |
| VIÐAUKI 2: Aðferðir | 31 |
| VIÐAUKI 3: Ýmsar töflur | 39 |

TÖFLUSKRÁ

| | |
|---|----|
| 1 Nauðsynleg tekjuaukning Landsvirkjunar af sölu til almenningsveitna ef Ísal hefði ekki komið og tekjur án Ísal í hlutfalli við raunverulegar tekjur. Sama arðgjöf af eignum í rekstri, fast verðlag (árslok 1982) | 10 |
| 2 Nauðsynleg tekjuaukning Landsvirkjunar af sölu til almenningsveitna ef Ísal hefði ekki komið og tekjur án Ísal í hlutfalli við raunverulegar tekjur. Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals. Fast verðlag | 12 |

Bls.

- 3 Nauðsynleg tekjuaukning Landsvirkjunar af sölu til almenningsveitna ef ísal hefði ekki komið og tekjur án ísal í hlutfalli við raunverulegar tekjur. Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með stuðli. Fast verðlag 14
- 4 Nauðsynleg tekjuaukning Landsvirkjunar af sölu til almenningsveitna ef ísal hefði ekki komið og tekjur án ísal í hlutfalli við raunverulegar tekjur fyrir tímabilið 1969 til 1985. Sama arðgjöf af eignum í rekstri, fast verðlag 16
- 5 Hlutfall nágilda tekna Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna án ísal og raunverulegra tekna af þeirri orkusölu í % fyrir tímabilið 1969 til 1982 19
- 6 Hlutfall nágilda tekna Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna án ísal og raunverulegra tekna af þeirri orkusölu í % fyrir tímabilið 1969 til 1985. Sama arðgjöf af eignum í rekstri 19

MYNDASKRÁ

- 1 Áætlun frá árinu 1965 um hlutfall raforkuverðs til almenningsveitna án og með ísal 7
- 2 Tekjupörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna ef ekki hefði orðið af raforkusölunni til ísal. Gert er ráð fyrir óbreyttri arðgjöf af eignum í rekstri 11
- 3 Tekjupörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna ef ekki hefði orðið af raforkusölunni til ísal. Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals 13
- 4 Tekjupörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna ef ekki hefði orðið af raforkusölunni til ísal. Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með stuðli 15
- 5 Tekjupörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna tímabilið 1969 til 1985 ef ekki hefði orðið af raforkusölunni til ísal. Sama arðgjöf af eignum í rekstri 17

1 INNGANGUR

Að beiðni Iðnaðarráðuneytisins hefur Orkustofnun gert lauslega athugun á áhrifum raforkusamningsins við Ísal á raforkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna. Meðan á verkinu stóð voru fulltrúum ráðuneytisins kynntar ýmsar niðurstöður reikninga í tveimur greinargerðum:

"Lausleg athugun á áhrifum Ísal á raforkuverð árin 1969 til 1981", mars 1983 JV-83/01.

"Lausleg athugun á áhrifum Ísal á raforkuverð árin 1969 til 1981. II Framhaldsathugun, nokkur viðbótartilvik", apríl 1983 JV-83/02.

Við þessa vinnu hefur verið höfð nái samvinna við fulltrúa Iðnaðarráðuneytisins og hafa þeir útvegað gögn eftir því sem þörf hefur verið á. Annars byggir þessi athugun að mestu á útgefnum ársreikningum Landsvirkjunar og "skýrslum um starfsemina" einnig frá Landsvirkjun.

Orkustofnun vill leggja áherslu á að niðurstöður þessarar athugunar gefa einungis vísbendingu, en ekki ótvíræða vitneskju, um hvað raforkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna hefði orðið án Ísal. Því veldur, að hér eru bornar saman sögulegar staðreyndir annarsvegar og hins vegar ein framkvæmdaröð af mörgum hugsanlegum ef ekki hefði orðið af raforkusamningnum við Ísal, og enn fremur, að sú framkvæmdaröð er tímasett eftir á, án þeirrar óvissu um framtíðina sem ávalt er fyrir hendi þegar taka þarf ákvörðun um slikar framkvæmdir í reynd.

Athugunin tekur annarsvegar mið af arðgjöf af eignum í rekstri, sem gengið er út frá að sé hin sama með og án raforkusamningsins við Ísal (aðferð 1) og hins vegar tekur hún mið af útgjöldum og tekjum, en þær er gengið út frá að rekstrarhagnaður (eða tap) Landsvirkjunar sé hinn sami með og án Ísal (aðferðir 2 og 3, þær af er aðferð 2 metin síður nothæf). Fyrir hverja aðferð er gengið út frá 3 mismunandi tilvikum um uppbyggingu raforkukerfisins og rekstrarkostnað (sjá nánar kafla 3).

Niðurstöður reikninga eftir þessum mismunandi aðferðum og tilvikum sýna allar sömu megineinkennin. Þær benda til að raforkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna hefði verið nokkru hærra fyrri hluta tímabilsins 1969 til 1982 ef ekki hefði orðið af raforkusölu til Ísal, en nokkru lægra síðustu ár.

Niðurstöður eru nánar raktar í 5. kafla, en forsendur í viðauka 1.

2 ÁÆTLANIR UM UPPBYGGINGU RAFORKUKERFISINS SEM MIÐAÐ VAR VIÐ ÞEGAR RAFORKUSAMNINGURINN VIÐ ÍSAL VAR GERÐUR

Frá því á fyrri hluta 7. áratugarins og fram á daginn í dag hefur mikið verið unnið að virkjunarransóknum jafnframt því sem tvær meðalstórar vatnsaflsvirkjanir hafa verið byggðar, auk Búrfellsvirkjunar. Út frá þeiri reynslu sem fengist hefur á þessum tíma má e. t. v. segja að menn hafi allt fram á síðustu ár verið of bjartsýnir á kostnað við uppbyggingu raforkukerfisins. Búrfellsvirkjun var mjög hagkvæm virkjun og bendir margt til þess í dag að hér hafi verið um einn allra hagkvæmasta virkjunarkost vatnsorku hér á landi. Virkjanir þær sem byggðar hafa verið í kjölfar Búrfellsvirkjunar hafa reynst mun dýrari, bæði vegna breytinga í efnahagslífi heimsins og vegna þess að þessir virkjunarkostir eru mun óhagkvæmari en Búrfellsvirkjun.

Í fylgiskjolum með "Skýrslu ríkisstjórnarinnar til Alþingis um athugun á byggingu aluminiumverksmiðju á Íslandi" frá 1965, er litið á hagkvæmni þess fyrir raforkukerfið að gera samning um raforkusölu til álverksmiðju. Miðað er við þrjár uppbyggingarleiðir raforkukerfisins:

- Með álbræðslu; Búrfellsvirkjun yrði næsta virkjun og því næst kæmi virkjun við Dettifoss eða í Laxá.
- Án álbræðslu; Næst yrði virkjað við Búrfell.
- Án álbræðslu; Röð smávirkjana.

Jafnframt var gert ráð fyrir tengingu Suður- og Norðurlands upp úr 1970.

Í fylgiskjali með frumvarpi til laga um lagagildi samnings íslensku ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium Ltd. (Alþingistíðindi 1965 A hluti) er litið á tvær leiðir:

- Með álbræðslu; Búrfellsvirkjun yrði næsta virkjun og þá gert ráð fyrir að næst á eftir Búrfelli yrði ráðist í virkjun Háafoss.
- Án álbræðslu; Næst yrði virkjað við Búrfell.

Litið var á tímabilið 1969 til 1985 í þessum athugunum. Í þeim tilvikum sem gert var ráð fyrir Búrfellsvirkjun án þess að gerður væri samningur um raforkusölu til ávers var talið að Landsvirkjun þyrfti ekki að fá aðra virkjun í rekstur fyrr en í lok tímabilsins.


Ef litið er á þessar áætlanir í dag í ljósi þess sem gerst hefur síðan þær voru settar fram þá má nefna m. a.:

- Uppbygging raforkukerfisins hefur orðið önnur en gert var ráð fyrir.

- Nýjar virkjanir hafa ekki reynst eins hagkvæmar og talið var áður.
- Uppbygging markaðarins hefur orðið nokkuð önnur en ráð var fyrir gert. Álverið hefur verið stækkað meira en áætlað var, Járnblandiverksmiðjan hefur komið til viðbótar og svo til allt landið er orðið eitt orkuveitusvæði.

Í fylgiskjöldum fyrrnefndrar skýrslu ríkisstjórnarinnar til Alþingis og fyrrnefnds lagafrumvarps er talið að þegar til lengri tíma sé litið sé virkjun við Búrfell hagkvæmari heldur en röð smávirkjana þó svo ekki verði af raforkusölusamningnum við Ísal. Að vísu eru nokkrar hugleiðingar um að fjárhagslega gæti orðið erfitt að ráðast í svo stórt fyrirtæki sem Búrfellsvirkjun í því tilviki. Áfangaskipting Búrfellsvirjunar hefði að öllum líkindum orðið önnur en raun varð á ef álverið í Straumsvík hefði ekki verið byggt. Í reikningum hér að aftan er því gert ráð fyrir að ráðist hefði verið í Búrfellsvirkjun þó svo að verksmiðja Ísal hefði ekki verið byggð.

Í fylgiskjali með fyrrnefndu frumvarpi til laga (Alþingistíðindi 1965 A hluti) kemur fram að áætlað hafi verið að "yfir allt tímabilið 1969 - 1985 mundi raforkukostnaður verða 28 % hærri ef Búrfellsvirkjun væri eingöngu byggð fyrir almenningsnotkun, og enginn sölusamningur gerður við álbræðslu". Þar kemur einnig fram áætlun um hlutfall raforkuverðs til almenningsveitna án og með Ísal og er þetta hlutfall sýnt á mynd 1. Samkvæmt þessum áætlunum virtist því raforkusölusamningurinn við Ísal verulega hagkvæmur.



Mynd 1 Áætlun frá árinu 1965 um hlutfall raforkuverðs til almenningsveitna án og með Ísal (Alþingistíðindi 1965 A hluti, bls. 1225).

3 · FORSENDUR, AÐFERÐIR OG TILVIK, STUTT LÝSING

Gert er ráð fyrir að uppbygging raforkukerfisins hefði orðið svipuð og hún varð í raunveruleikanum þó svo að ekki hefði orðið af raforkusamningnum við ísal. Miðað er að mestu við sömu framkvæmdir og raun varð á, þeim einungis hliðrað í tíma. Nánar er fjallað um þessar forsendur í viðauka 1.

Athugun þessi byggir á ársreikningum Landsvirkjunar og er reynt að meta hvernig þeir hefðu komið út ef raforkusamningarnir við ísal hefðu ekki komið til.

Farnar voru þrjár leiðir til að meta tekjubörf Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna á þessum grundvelli:

- 1) Gert er ráð fyrir að í tilviku án ísal sé ár hvert sama arðgjöf af eignum í rekstri eins og raun varð á. Þessi aðferð var upphaflega notuð þar sem hún er tiltölulega einföld og helsti kostur hennar er að ekki er börf á að meta sérstaklega lánastöðu Landsvirkjunar fyrir tilvikið án ísal.
- 2) Áætlað er hver gjöld Landsvirkjunar hefðu orðið ef ekki hefði verið gerður raforkusamningur við ísal. Tekjur fyrirtækisins hvert ár eru reiknaðar jafnar gjöldum og fæst út frá því tekjubörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna. Einn hluti gjaldanna eru vaxtagreiðslur og þarf því að áætla þær. Lánastaða Landsvirkjunar ár hvert er áætluð með að framreikna lán síðasta árs og ný lán með gengi bandaríkjadals. Vaxtagjöldin fást síðan með að margfalda meðallán hvers árs með vaxtahlutfalli því sem Landsvirkjun hefur búið við ár hvert í raunveruleikanum.
- 3) Þessi leið er eins og leið 2 nema hvað lán eru framreiknuð með stuðli sem fenginn er frá raunverulegri lánastöðu Landsvirkjunar.

Þessum leiðum er nánar lýst í viðauka 2 hér að aftan.

Fyrir hverja þessara leiða var litið á þrjú tilvik:

- 1) Tímasetningar framkvæmda eins og lýst er í viðauka 1 hér að aftan. Rekstrarkostnaður er fenginn sem raunverulegur rekstrarkostnaður að frádregnum kostnaði við þá þætti sem ekki eru í rekstri í tilviku án ísal.
- 2) Gert er ráð fyrir að Búrfellsslínu II hefði verið frestað til ársins 1977. Notuð er tölfraðileg aðferð til að áætla rekstrarkostnaðinn út frá raunverulegum kostnaði Landsvirkjunar, og er við þá reikninga gert ráð fyrir að hann sé ólinulegt fall af eign í

rekstri ($R = k + a \cdot E^{**} b$).

- 3) Búrfellslínu II er frestað til ársins 1982. Rekstrarkostnaður er áætlaður sem sama hlutfall af eign í rekstri (í árslok) og hann var í raunveruleikanum. Einnig er gert ráð fyrir að engin orkuskerðing hefði átt sér stað árin 1980 til 1982.

Taka ber fram nokkur atriði um þessi tilvik til skýringar.

Tilvik l er fengið beint út frá ársreikningum Landsvirkjunar með að taka út þá þætti sem ekki eiga við. Þetta tilvik er e. t. v. í herra lagi, en þar á móti kemur að reiknað er eftirá og hverfur þá sú óvissa sem ætíð er um framtíðina. Vafalaust hefði verið farið öðru vísni í virkjunarframkvæmdir en hér er gert ráð fyrir ef sú staða hefði komið upp að ekki hefði orðið af raforkusamningnum við ísal.

Rekstrarkostnaður er líklega í herra lagi í tilviki l og var því reynt að meta hann á annan hátt í tilvikum 2 og 3, þ. e. út frá meðaleign í rekstri. Hvort eðlilegra sé að meta hann út frá meðaleign í rekstri skal ósagt látið. Ekki er víst að einhverjir rekstrarkostnaðarferlar sem gefa góða nálgun í raunveruleikanum séu eins góðir fyrir aðra uppbyggingu fyrirtækis eins og Landsvirkjunar.

Að fresta Búrfellslínu II eins og í tilvikum 2 og 3 minnkar afhendingaröryggi notenda og telja verður fremur ólíklegt að almennir notendur og Járnblandifélagið hefðu sætt sig við þessa stöðu allt fram til ársins 1982. Kerfið hefði líklega í þessu tilviki verið að þrotum komið árið 1982. Einnig væri eðlilegt að taka inn kostnað vegna minna afhendingaröryggis ef línumni er frestað, en það er ekki svo auðvelt og hefur því ekki verið gert hér.

Í tilviki 3 hefur orkuskerðinguunni árin 1980 til 1982 verið sleppt. Þegar raforkukerfið er fullnýtt er alltaf hætta á skerðingu í lélegum vatnsárum. Án ísal hefði þessi eða önnur ár geta komið upp sú staða að Landsvirkjun hefði þurft að skerða orkusölu. Með því að sleppa orkuskerðinguunni 1980 til 1982 er mest allri slíkri skerðingu sleppt. Ekki gafst tækifæri til að kanna þetta atriði þar sem slík athugun er mikil umfangs, en þetta atriði hefur ekki afgerandi áhrif á niðurstöðurnar.

4 NIÐURSTÖÐUR REIKNINGA

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum reikninganna. Fyrir tilvik án ísal þarf að áætla ýmsar stærðir sem ganga inn í reikninga. Þar á meðal er meðaleign í rekstri, afskriftir og rekstrarkostnaður ár hvert, og eru bessar stærðir sýndar í viðauka 3.


4.1 Sama arðgjöf af eignum í rekstri

Í viðauka 3 er sýnd áætluð tekjuþörf Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna samkvæmt þessari aðferð. Tafla 1 og mynd 2 sýna síðan tekjuaukningu á föstuverðlagi (árslok 1982) af raforkusölu Landsvirkjunar til almenningsveitna sem þurft hefði samkvæmt þessum reikningum ef ísal hefði ekki komið. Einnig eru tekjur án ísal sýndar sem hlutfall af raunverulegum tekjum.

Tafla 1 Nauðsynleg tekjuaukning Landsvirkjunar af sölu til almenningsveitna ef ísal hefði ekki komið og tekjur án ísal í hlutfalli við raunveruleguar tekjur. Sama arðgjöf af eignum í rekstri, fast verðlaq (árslok 1982).

| Ár | Tekjuaukning MGkr* | | | Hlutfall tekna % | | |
|----------|--------------------|----------|----------|------------------|----------|----------|
| | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 |
| 1969 | 2521 | 2662 | 2366 | 118 | 119 | 117 |
| 1970 | 7965 | 6819 | 7683 | 144 | 137 | 142 |
| 1971 | 7377 | 5710 | 6794 | 132 | 125 | 130 |
| 1972 | 5568 | 4663 | 4215 | 128 | 124 | 121 |
| 1973 | 4351 | 3375 | 2433 | 122 | 117 | 112 |
| 1974 | 2704 | 1905 | 272 | 113 | 109 | 101 |
| 1975 | 1518 | 829 | -970 | 107 | 104 | 96 |
| 1976 | 5594 | 4646 | 4286 | 124 | 120 | 118 |
| 1977 | 6626 | 4360 | 3565 | 124 | 116 | 113 |
| 1978 | 3244 | 335 | -396 | 114 | 101 | 98 |
| 1979 | -954 | -2810 | -5084 | 97 | 90 | 82 |
| 1980 | -3929 | -8196 | -9712 | 88 | 74 | 69 |
| 1981 | -11310 | -17250 | -17350 | 71 | 56 | 56 |
| 1982 | -7358 | -14470 | -11100 | 85 | 71 | 78 |
| Samtals | 23917 | -7422 | -12998 | | | |
| Meðaltal | 1708 | -530 | -928 | 112 | 105 | 102 |

* MGkr : Milljónir qamalla króna.



Mynd 2 Tekjuþörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna ef ekki hefði orðið af raforkusölunni til Ísal. Gert er ráð fyrir óbreyttri arðgjöf af eignum í rekstri.

a) Tekjuaukning í Mkr á föstu verðlagi.

b) Hlutfall í % miðað við raunverulegar tekjur.

4.2 Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals

Í þessari leið þarf auk þeirra gagna sem nefnd voru hér að framan:

Fjárfestingar

Rekstrarhagnað


Annað (t. d. framlög eigenda)

Þessar stærðir eru sýndar í viðauka 3.

Lán Landsvirkjunar og vextir voru áætlaðir fyrir hvert ár og eru þessar stærðir sýndar í viðauka 3 ásamt reiknaðri tekjuþörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna. Niðurstöður reikninga fyrir þessa leið eru sýndar í töflu 2 og á mynd 3.

Tafla 2 Nauðsynleg tekjuaukning Landsvirkjunar af sölu til almenningsveitna ef Ísal hefði ekki komið og tekjur án Ísal í hlutfalli við raunverulegar tekjur. Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals. Fast verðlag.

| Ár | Tekjuaukning MGkr | | | Hlutfall tekna % | | |
|----------|-------------------|----------|----------|------------------|----------|----------|
| | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 |
| 1969 | 2471 | 2612 | 2310 | 118 | 119 | 116 |
| 1970 | 6359 | 5194 | 6070 | 135 | 129 | 133 |
| 1971 | 4616 | 2965 | 4066 | 120 | 113 | 118 |
| 1972 | 2547 | 1642 | 780 | 113 | 108 | 104 |
| 1973 | 1673 | 466 | -466 | 108 | 102 | 98 |
| 1974 | 878 | 119 | -1524 | 104 | 101 | 93 |
| 1975 | 1080 | 646 | -1158 | 105 | 103 | 95 |
| 1976 | 2937 | 2737 | 2096 | 113 | 112 | 109 |
| 1977 | 956 | -172 | -1675 | 103 | 99 | 94 |
| 1978 | -3531 | -5040 | -7089 | 85 | 79 | 70 |
| 1979 | -6969 | -7319 | -9396 | 75 | 74 | 66 |
| 1980 | -7171 | -9975 | -12924 | 77 | 69 | 59 |
| 1981 | -8423 | -11792 | -12754 | 79 | 70 | 68 |
| 1982 | -11830 | -18798 | -16393 | 76 | 62 | 67 |
| Samtals | -14407 | -36715 | -48057 | | | |
| Meðaltal | -1029 | -2623 | -3433 | 101 | 96 | 92 |



Mynd 3 Tekjupörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna ef ekki hefði orðið af raforkusölunni til ísal. Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals.

- Tekjuaukning í Mkr á föstu verðlagi.
- Hlutfall í % miðað við raunverulegar tekjur.

4.3 Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með stuðli sem fæst út frá raunverulegri lánastöðu Landsvirkjunar


Fyrir þessa aðferð fengust niðurstöður sem sýndar eru í töflu 3 og á mynd 4. Millireikningar eru sýndir í viðauka 3.

Tafla 3 Nauðsynleg tekjuaukning Landsvirkjunar af sölu til almenningsveitna ef ísal hefði ekki komið og tekjur án ísal í hlutfalli við raunverulegar tekjur. Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með stuðli. Fast verðlag.

| Ár | Tekjuaukning MGkr | | | Hlutfall tekna % | | |
|----------|-------------------|----------|----------|------------------|----------|----------|
| | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 |
| 1969 | 2542 | 2683 | 2380 | 118 | 119 | 117 |
| 1970 | 6481 | 5316 | 6193 | 136 | 129 | 134 |
| 1971 | 4891 | 3185 | 4286 | 121 | 114 | 119 |
| 1972 | 2978 | 2073 | 1211 | 115 | 111 | 106 |
| 1973 | 2640 | 1328 | 397 | 113 | 107 | 102 |
| 1974 | 1974 | 1145 | -497 | 109 | 105 | 98 |
| 1975 | 1893 | 1455 | -360 | 108 | 106 | 98 |
| 1976 | 3511 | 3338 | 2684 | 115 | 114 | 112 |
| 1977 | 1976 | 891 | -687 | 107 | 103 | 98 |
| 1978 | -2042 | -3449 | -5627 | 91 | 85 | 76 |
| 1979 | -4959 | -5189 | -6796 | 82 | 81 | 76 |
| 1980 | -5214 | -7960 | -9993 | 84 | 75 | 69 |
| 1981 | -7380 | -10709 | -10769 | 81 | 73 | 73 |
| 1982 | -11336 | -18278 | -14313 | 77 | 63 | 71 |
| Samtals | -2045 | -24171 | -31891 | | | |
| Meðaltal | -146 | -1727 | -2278 | 104 | 99 | 96 |

4.4 Spá fram til 1985

Í áætlunum um uppbyggingu raforkukerfisins er gerðar voru á sínum tíma til að kanna hagkvæmni raforkusamnings við álver var miðað við tímabilið 1969 til 1985. Því var ákveðið að reyna að fá hugmynd um hver þróunin yrði á árunum 1983 til 1985 ef engin breyting yrði á orkusölusamningum til stóriðju. Þar sem erfitt er að spá fyrir um alla þá þætti sem notaðir eru við reikningana hér að framan var ákveðið að reikna einungis fyrir sömu arðgjöf af eignum í rekstri. Gera má ráð fyrir að svipuð þróun fengist með hinum aðferðunum tveimur og er því líklega litlar viðbótarupplýsingar að fá með þeim reikningum.



Mynd 4 Tekjubörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna ef ekki hefði orðið af raforkusölunni til ísal. Heildarendurmat gjalda, lán framreknuð með stuðli.

a) Tekjuaukning í Mkr á föstu verðlagi.


b) Hlutfall í % miðað við raunverulegar tekjur.

Áætluð þróun eigna og tekna Landsvirkjunar næstu ár er sýnd í viðauka 1. Niðurstöður þessara reikninga eru sýndar í töflu 4 og á mynd 5, en milliniðurstöður er að finna í viðauka 3.

Tafla 4 Nauðsynleg tekjuaukning Landsvirkjunar af sölu til almenningsveitna ef ísal hefði ekki komið og tekjur án ísal í hlutfalli við raunverulegar tekjur fyrir tímabilið 1969 til 1985. Sama arðgjöf af eignum í rekstri, fast verðlag.

| Ár | Tekjuaukning MGkr | | | Hlutfall tekna % | | |
|----------|-------------------|----------|----------|------------------|----------|----------|
| | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 |
| 1969 | 2521 | 2662 | 2366 | 118 | 119 | 117 |
| 1970 | 7965 | 6819 | 7683 | 144 | 137 | 142 |
| 1971 | 7377 | 5710 | 6794 | 132 | 125 | 130 |
| 1972 | 5568 | 4663 | 4215 | 128 | 124 | 121 |
| 1973 | 4351 | 3375 | 2433 | 122 | 117 | 112 |
| 1974 | 2704 | 1905 | 272 | 113 | 109 | 101 |
| 1975 | 1518 | 829 | -970 | 107 | 104 | 96 |
| 1976 | 5594 | 4646 | 4286 | 124 | 120 | 118 |
| 1977 | 6626 | 4360 | 3565 | 124 | 116 | 113 |
| 1978 | 3244 | 335 | -396 | 114 | 101 | 98 |
| 1979 | -954 | -2810 | -5084 | 97 | 90 | 82 |
| 1980 | -3929 | -8196 | -9712 | 88 | 74 | 69 |
| 1981 | -11310 | -17250 | -17350 | 71 | 56 | 56 |
| 1982 | -7358 | -14470 | -11100 | 85 | 71 | 78 |
| 1983 | -8000 | -15000 | -11000 | 89 | 81 | 85 |
| 1984 | -9000 | -17000 | -12000 | 89 | 79 | 86 |
| 1985 | -12000 | -19000 | -15000 | 86 | 77 | 83 |
| Samtals | -5083 | -58422 | -50998 | | | |
| Meðaltal | -299 | -3437 | -3000 | 108 | 100 | 99 |

Fyrir árin 1983 til 1985 þurfti að reikna arðgjöf af eignum í rekstri fyrir tilvikið með ísal, en í fyrri reikningum var hún þekkt (sjá viðauka 2). Því má segja að tölurnar fyrir árin 1983 til 1985 séu ekki fullkomlega sambærilegar við niðurstöðurnar fram til 1982, en þó ættu þær að gefa góða hugmynd um þróun næstu ára.



Mynd 5 Tekjuþörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna tímabilið 1969 til 1985 ef ekki hefði orðið af raforkusölunni til Ísal. Sama arðgjöf af eignum í rekstri.

a) Tekjuaukning í Mkr á föstu verðlagi.
b) Hlutfall í % miðað við raunverulegar tekjur.

4.5 Núgildi tekna

Tekjuþörf Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna með og án ísal var reiknuð hér að framan og einnig tekjur án ísal sem hlutfall af raunverulegum tekjum. Ef leggja á mat á tekjurnar yfir eitthvert tímabil er eðlilegast að reikna núgildi. Tekjurnar eru fyrst færðar á sambærilegt verðlag og núgildi þeirrar tekjuraðar fundið. Út frá því fæst síðan hlutfall núgilda tekna af raforkusölu til almenningsveitna án ísal og raunverulegra tekna af þeiri orkusölu. Eftirfarandi jafna er notuð við þessu reikningu:

$$NT = \frac{\sum_{i=1969}^N TA(i) * B(i) * AL(i)}{\sum_{i=1969}^N TM(i) * B(i) * AL(i)} * 100 \quad (1)$$

Þar sem:

NT : Hlutfall núgilda tekna

TA(i) : Tekjur Landsvirkjunar árið i af sölu til almenningsveitna, án ísal

TM(i) : Raunverulegar tekjur Landsvirkjunar árið i af sölu til almenningsveitna

B(i) : 1/(Byggingavísitala í júlí árið i)

AL(i) : $\frac{1}{1 + r}$

r : Reiknivextir

N : Lokaár

Niðurstöður þessara reikninga fyrir tímabilið 1969 til 1982 eru sýndar í töflu 5.

Hér að framan var reynt að spá hver þróunin yrði fram til 1985 miðað við sömu arðgjöf af eignum í rekstri. Ef þessum árum er bætt við tekjuröðina og hlutfall núgilda fundið fæst niðurstaða sem sýnd er í töflu 6.

Tafla 5 Hlutfall nágilda tekna Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna án ísal og raunverulegra tekna af þeirri orkusölu í % fyrir tímabilið 1969 til 1982.

| Vextir % | Óbreytt arðgjöf Aðferð 1 | | | Heildarendurmat gjalda Aðferð 2 | | | Aðferð 3 | | |
|-------------|-----------------------------|-----|-----|------------------------------------|----|----|----------|----|----|
| | 1 | 2 | 3 | 1 | 2 | 3 | 1 | 2 | 3 |
| 0.0 | 107 | 98 | 96 | 96 | 90 | 87 | 99 | 93 | 91 |
| 2.0 | 108 | 100 | 98 | 97 | 91 | 88 | 101 | 95 | 93 |
| 4.0 | 109 | 101 | 100 | 99 | 93 | 90 | 102 | 96 | 94 |
| 6.0 | 111 | 103 | 102 | 100 | 95 | 92 | 103 | 98 | 96 |
| 8.0 | 112 | 105 | 103 | 102 | 96 | 93 | 105 | 99 | 97 |

Tafla 6 Hlutfall nágilda tekna Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna án ísal og raunverulegra tekna af þeirri orkusölu í % fyrir tímabilið 1969 til 1985. Sama arðgjöf af eignum í rekstri.

| Vextir % | Hlutfall í % | | |
|-------------|--------------|----------|----------|
| | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 |
| 0,0 | 99 | 90 | 92 |
| 2,0 | 101 | 92 | 93 |
| 4,0 | 102 | 94 | 95 |
| 6,0 | 104 | 96 | 97 |
| 8,0 | 106 | 98 | 98 |

5 YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR

Hér verður aðeins fjallað um niðurstöður þeirra útreikninga sem raktir voru hér að framan. Þegar draga skal ályktanir af þeim ber að hafa í huga ábendingar og fyrirvara um eðli þessarar athugunar sem nefndir voru í kafla 1. Meginniðurstöðurnar eru:

- Út frá þeim forsendum sem gert er ráð fyrir hér hefur raforkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna verið lægra fram eftir 8. áratugnum með raforkusamningnum við Ísal, en verið hefði án hans. Á síðustu árum hefur verðið aftur á móti verið hærra með samningnum en án hans.
- Óbreyttur raforkusamningur við Ísal virðist munu valda hærra raforkuverði Landsvirkjunar til almenningsveitna áfram næstu árin en verið hefði án hans.
- Raforkusamningurinn við Ísal hefur ekki orðið almenningi eins hagkvæmur og áætlanir gerðu ráð fyrir við gerð hans.

Ef litið er á myndir 2 til 4, þar sem niðurstöður reikninga eru sýndar, kemur fram að eftir árið 1977 hefur raforkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna verið hærra með raforkusamningum við Ísal, en verið hefði án hans. Fyrir árið 1978 hefur verðið til almenningsveitna aftur á móti verið lægra með Ísal en án. Sum tilvikin sem reiknuð eru hér að framan sýna þó sum árin fyrir 1978 hærra orkuverð með Ísal en án. Í þessu sambandi ber að nefna, eins og áður er komið fram, að þegar notað er gengi bandaríkjadals til að framrekna lán (aðferð 2) virðast þau vanmetin, og eru reiknaðar tekjur með þessari aðferð því líklega helst til lágar (mynd 3). Ef þessari aðferð er sleppt þá fæst frá reikningum:

- Tilvik 1 gefur að tekjuþörf Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna hefði verið á bilinu 1 % (0 % vextir, aðferð 3) lægri til 12 % (8 % vextir, aðferð 1) hæri tímabilið 1969 til 1982 ef ekki hefði orðið af raforkusamningum við Ísal, og er þá miðað við nágildi.
- Ef einnig er litið á tilvik 2 og 3 fæst að tekjuþörf Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna hefði verið á bilinu frá 9 % (0 % vextir, aðferð 3) lægri til allt að 12 % (8 % vextir, aðferð 1) hæri ef ekki hefði orðið af raforkusamningum við Ísal (nágildi). Tilvik 1 ofmetur frekar en hitt gjöld Landsvirkjunar en þar á móti kemur að auðvelt er að vera vitur eftirá. Þar sem þróun raforkukerfisins á síðustu árum er að sjálfsögðu þekkt þá hverfur ýmiss

óvissa sem ætíð er fyrir hendi þegar ákvarðanir eru teknar um uppbyggingu kerfisins. Forsendur tilviks 3 eru mun vafasamari en fyrir tilvik 1. Tilvik 2 liggur á milli þessara tveggja, en nánari umfjöllun um þessi tilvik er í kafla 3 hér að framan.

- Samkvæmt þessum reikningum er líklegt að ágóði almennra raforkunotenda af orkusölusamningnum við Ísal hafi þegar eða muni á næstu árum étast upp miðað við óbreyttan samning.
- Fyrir viðskiptamann Landsvirkjunar sem keypt hefði fast orkumagn þessi ár hefði orkukostnaður hans verið að meðaltali 4 % til 12 % hærri án Ísal samkvæmt tilviki 1, en 4 % lægri til 2 % hærri samkvæmt tilviki 3 (sjá hlutfall tekna í kafla 4).

Á myndum 2 til 5 hér að framan kemur stökk uppávið árið 1976. Orsök þessa er líklega tvíþætt:

- Í tilvikanu án Ísal kemur seinni hluti Búrfells ásamt þórisvatnsmiðlun í rekstur þetta ár, en í tilvikanu með Ísal (raunveruleikanum) varð engin veruleg aukning á eignum Landsvirkjunar í rekstri þetta ár.
- Endurskoðun raforkusamningsins við Ísal sem jók tekjur Landsvirkjunar af honum árið 1976.

Mjög svo lausleg könnun bendir til þess að ef raforkuverðið til Ísal hefði fylgt vísitölu heildverslunar í Bandaríkjum hefði hlutfall tekna fram til ársins 1982 af orkusölu Landsvirkjunar til almenningsveitna án Ísal og raunverulegra tekna frá almenningsveitum (0 % vextir) hækkað jafnvel yfir 10 prósentustig umfram það sem það var hér að framan. Verðtrygging raforkuverðsins með þessum hætti hefði því breytt nokkru varðandi orkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna, en þrátt fyrir það hefðu ferlarnir á myndum 2 til 5 litið svipað út, þ. e. hagnaður af raforkusamningnum hefði farið minnkandi og væri orðinn óhagkvæmur almenningu þessi árin.

Samkvæmt fylgiskjali með fyrrnefndu frumvarpi til laga (Alþingistíðindi 1965 A hluti) var á sínum tíma áætlað að raforkusamningurinn við Ísal yrði almennungi hagkvæmur öll ár fram til 1985. Þar var talið að raforkukostnaður viðbótarorku yrði 28 % hærri án Ísal en með. Ekki má bera þessa tölu beint saman við útreikninga hér að framan en í þeim var ekki litið á viðbótarorku heldur heildarorkusölu Landsvirkjunar til almenningsveitna. Mynd 1 er heldur ekki algjörlega sambærileg við myndir 2 til 5 þar sem markaðurinn er annar en gert var ráð fyrir þar eins og fram kemur hér að framan. Einnig var eins og eðlilegt er reiknað út frá áætluðum fjárfestingum á sínum tíma en hér

er litið á raunverulegar tekjur.

Sú spurning vaknar hver sé ástæðan fyrir því að samningurinn við Ísal hefur ekki orðið almenningi eins hagkvæmur og áætlað var þegar hann var gerður. Hér er sjálfsagt um marga samverkandi þætti að ræða. Líklegt er að eftirfarandi hafi valdið mestu hér um.

- Virkjanir hafa reynst dýrari að raunvirði en gert var ráð fyrir á sínum tíma.
- Raungildi raforkuverðs til álvirsins hefur lækkað frá því samningurinn var gerður (sjá skýrsluna "Athugun á raforkuverði til Íslenska Álfélagsins hf").
- Orkuvinnslugeta Búrfellsvirkjunar hefur reynst minni en gert var ráð fyrir, og gerðir hafa verið samningar um aukna orkusölu til Ísal umfram það sem gert var ráð fyrir er ráðist var í virkjunina.

Ætið er erfitt að spá langt fram í tímann og ekki við því að búast að spár rætist fullkomlega. Það er því ekki óeðlilegt þó þær áætlunar sem gerðar voru á fyrri hluta 7. áratugarins hafi ekki staðist að öllu leyti fram á daginn í dag. Ætla má að áætlanagerð á svíði raforkukerfa hafi verið mun erfiðari og ófullkomnari á þeim árum heldur en í dag; þar kemur til að í dag liggja fyrir mun meiri rannsóknir á virkjunarkostum vatnsorku, mikil reynsla hefur áunnist á þessum árum og í dag eru fyrir hendi öflugri reiknitæki til notkunar við áætlanagerð.

Litið var svo á í þessum áætlunum að raforkusamningurinn væri verðtryggður þar sem hann var í bandaríkjadöllum. Verðbólga í Bandaríkjum hefur vissulega áhrif á hagkvænni samnings sem þessa. Verðbólga var einhver í Bandaríkjum á árunum upp úr 1960 þó svo hún hafi verið mun minni en verðbólga síðustu ára þar. Því má e. t. v. segja að þessi forsenda hafi verið óeðlileg.

HEIMILDIR

Alþingistíðindi 1965 A hluti: Frumvarp til laga um lagagildi samnings íslensku ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium Ltd., bls 1251 - 1255.

Landsvirkjun: Skýrsla um starfsemina (skýrslur fyrir árin 1970 til 1981).

Landsvirkjun: Ársreikningur (reikningar fyrir árin 1968 til 1981).

Skýrsla ríkisstjórnarinnar til Alþingis um athugun á byggingu aluminiumverksmiðju á Íslandi 1965.

Starfshópur á vegum Iðnaðarráðuneytisins 1982: Athugun á raforkuverði til íslenska Álfélagsins hf. Iðnaðarráðuneytið, Nr.82-8.

VIÐAUKI 1

Forsendur

TÖFLUSKRÁ

Bls.

| | | |
|------|--|----|
| Vl-1 | Áætluð raforkuframleiðsla Landsvirkjunar án Ísal og afgangsorku | 27 |
| Vl-2 | Tímasetning framkvæmda í raforkukerfinu fyrir tilvik án Ísal | 28 |
| Vl-3 | Tekjur Landsvirkjunar af annari orkusölu en til Ísal og almenningsveitna í MGkr á verðlagi hvers árs | 28 |
| Vl-4 | Áætlun um eignir sem koma í rekstur hjá Landsvirkjun árin 1983 til 1985 | 29 |
| Vl-5 | Áætlaðar tekjur Landsvirkjunar árin 1983 til 1985 í MGkr miðað við verðlag í lok árs 1982 ... | 29 |

Hér verða taldar upp helstu forsendur sem miðað var við í þessari athugun. Reynt var að haga þeim þannig að hægt væri að nota fyrirliggjandi gögn og ekki þyrfti að koma til ítarleg athugun á einstaka þáttum.

- 1) Raforkuframleiðsla Landsvirkjunar án Ísal (forgangsorka) er fenginn sem orkuvinnsla Landsvirkjunar að frádreginni afgangsorku og sölu til Ísal (töp meðtalin). Tafla Vl-1 sýnir áætlaða framleiðslu.

Tafla Vl-1 Áætluð raforkuframleiðsla Landsvirkjunar án Ísal og afgangsorku.

| Ár | Orkuvinnsla GWh | Aflþörf MW |
|------|--------------------|---------------|
| 1969 | 520 | 100 |
| 1970 | 588 | 105 |
| 1971 | 636 | 110 |
| 1972 | 687 | 130 |
| 1973 | 739 | 130 |
| 1974 | 772 | 144 |
| 1975 | 889 | 127 |
| 1976 | 896 | 153 |
| 1977 | 993 | 188 |
| 1978 | 1057 | 190 |
| 1979 | 1285 | 210 |
| 1980 | 1319 | 220 |
| 1981 | 1417 | 250 |
| 1982 | 1491 | 270 |

- 2) Gert er ráð fyrir svipaðri uppbyggingu kerfisins og raun varð. Helstu breytingar eru:

- Fjárfestingum og rekstrarkostnaði gasaflsstöðvarinnar í Straumsvík er sleppt.
- Kostnaður við línuna Geitháls - Straumsvík er áætlaður og honum sleppt.
- Seinni hluta Búrfellsvirkjunar (3 vélar) og þórisvatnsmiðlun er frestað til 1976.
- Sigölduvirkjun er frestað til ársins 1982.
- Hrauneyjafossvirkjun er frestað fram yfir árið 1985.

Tafla Vl-2 sýnir tímasetningu framkvæmda sem lögð

vær til grundvallar í athuguninni.

Tafla VI-2 Tímasetning framkvæmda í raforkukerfinu fyrir tilvik án Ísal.

| Ár | Framkvæmdir |
|------|---|
| 1969 | Búrfellsvirkjun 1+2+3 og Búrfellslína I |
| 1970 | |
| 1971 | |
| 1972 | |
| 1973 | Búrfellslína II |
| 1974 | |
| 1975 | |
| 1976 | Búrfellsvirkjun 4+5+6, Þórisvatnsmiðlun |
| 1977 | Geitháls - Brennimelur, lína |
| 1978 | |
| 1979 | |
| 1980 | |
| 1981 | |
| 1982 | Sigölduvirkjun |

- 3) Notaðar eru tölur fengnar úr útgefnum ársreikningum Landsvirkjunar. Þær á meðal eru aðrar tekjur Landsvirkjunar en af orkusölu til Ísal og almenningsveitna og eru þær sýndar í töflu VI-3.

Tafla VI-3 Tekjur Landsvirkjunar af annari orkusölu en til Ísal og almenningsveitna í MGkr (milljónir gamalla króna) á verðlagi hvers árs.

| Ár | Tekjur |
|------|--------|
| 1969 | 13,2 |
| 1970 | 30,5 |
| 1971 | 34,8 |
| 1972 | 41,1 |
| 1973 | 46,4 |
| 1974 | 47,5 |
| 1975 | 75,0 |
| 1976 | 109,8 |
| 1977 | 220,6 |
| 1978 | 526,7 |
| 1979 | 745,3 |
| 1980 | 1466 |
| 1981 | 2083 |
| 1982 | 4862 |

Áætluð var þróun eigna Landsvirkjunar í rekstri árin 1983 til 1985 og eru niðurstöður sýndar í töflu Vl-4.

Tafla Vl-4 Áætlun um eignir sem koma í rekstur hjá Landsvirkjun árin 1983 til 1985.

| Ár | Með ísal | Án ísal |
|------|-------------------|-------------|
| 1983 | Sultartangastífla | |
| -- | Byggðalínur | Byggðalínur |
| 1984 | Suðurlína | Suðurlína |
| 1985 | Kvíslaveita | |

Einnig voru áætlaðar tekjur Landsvirkjunar árin 1983 til 1985 og eru þær sýndar í töflu Vl-5 miðað við verðlag í lok árs 1982.

Tafla Vl-5 Áætlaðar tekjur Landsvirkjuar árin 1983 til 1985 í MGkr miðað við verðlag í lok árs 1982.

| Ár | Ísal | Áburðar- | Járnblendi- | Almennings- | Annað |
|------|-------|-------------|-------------|-------------|-------|
| | | verksmiðjan | verksmiðjan | veitur | |
| 1983 | 15500 | 1700 | 5900 | 76000 | 600 |
| 1984 | 15300 | 1700 | 5800 | 80000 | 600 |
| 1985 | 15000 | 1600 | 5700 | 85000 | 600 |



VIÐAUKI 2

Aðferðir

EFNISYFIRLIT

| | Bls. |
|---|------|
| V2-1 Sama arðgjöf af eignum í rekstri | 33 |
| V2-2 Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals | 35 |
| V2-3 Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með stuðli sem fæst frá raunverulegri lánastöðu Landsvirkjunar | 37 |

TÖFLUSKRÁ

| | |
|--|----|
| V2-1 Arðgjöf Landsvirkjunar af meðaleign í rekstri . | 34 |
| V2-2 Vaxtahlutfall Landsvirkjunar ár hvert | 35 |
| V2-3 Reiknuð lánastaða Landsvirkjunar sem hlutfall af raunverulegri stöðu | 36 |
| V2-4 Stuðull til að framrekna lán | 37 |

Til samanburðar voru farnar þrjár leiðir til að meta tekjuþörf Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna og fylgir hér á eftir lýsing á þessum leiðum.

V2-1 Sama arðgjöf af eignum í rekstri

I skýrslum Landsvirkjunar um starfsemina frá síðustu árum er arðgjöf af eignum í rekstri skilgreind á eftirfarandi hátt:

$$\text{Arðgjöf} = \frac{\text{Hreinar tekjur} + \text{Vaxtagjöld}}{(\text{Eign í upphafi árs} + \text{Eign í árslok})/2} \quad (\text{V2-1})$$

Þetta jafngildir:

$$\text{Arðgjöf} = \frac{\text{Tekjur} - \text{Rekstrarkostnaður} - \text{Fyrningar}}{(\text{Eign í upphafi árs} + \text{Eign í árslok})/2} \quad (\text{V2-2})$$

Nefna má að endurmat á eignum Landsvirkjunar fór fram árin 1967, 1968 og árlega síðan 1973.

Tekjum Landsvirkjunar má skipta í nokkra hluta, t. d. tekjur af orkusölu til: 1)Almenningsveitna, 2)Áburðarverksmiðju ríkisins, 3)Íslenska Álfélagsins og 4)Járnblendifélagsins. Til viðbótar eru síðan aðrar tekjur sem ekki flokkast undir þessa fjóra flokka.

Það sem finna á eru hverjar tekjur Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna hefðu þurft að vera til að arðgjöf af eignum í rekstri væri sú sama með og án Ísal. Leysa má jöfnu (V2-2) m. t. t. tekna Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna:

$$\text{Tekjur, almenningsveitur} = \text{Arðgjöf} * \text{Meðaleign} + \text{Rekstrarkostnaður} + \text{Fyrningar} - \text{Aðrar tekjur} \quad (\text{V2-3})$$

Þar sem:

$$\text{Meðaleign} = (\text{Eign í upphafi árs} + \text{Eign í árslok})/2$$

$$\text{Aðrar tekjur} = \text{Aðrar tekjur Landsvirkjunar en af orkusölu til Ísal og almenningsveitna}$$

Þættir jöfnu (V2-3) fyrir tilvik án Ísal eru fundnir á eftirfarandi hátt:

Arðgjöf: Fæst úr skýrslum Landsvirkjunar um starfsemina. Arðgjöfin var fram til 1974 reiknuð út frá bókfærðri eign á upphafi árs, en hér hefur hún verið endurreiknuð og ætíð verið miðað við meðaleign. Tafla V2-1 sýnir arðgjöfina.

Meðaleign: Fæst frá ársreikningum Landsvirkjunar með að draga frá eign sem þar er skráð þá þætti sem frestað hefur verið eða sleppt.

Rekstrarkostnaður: Er áætlaður út frá ársreikningum Landsvirkjunar.

Fyrningar: Þær eru fengnar á sama hátt og meðaleign, þ.e. frá raunverulegum fyrningum eru dregnar fyrningar þeirra þátta sem frestað hefur verið eða sleppt. Gert er ráð fyrir að afskriftir hefjist fyrsta fulla árið sem mannvirki eða hluti mannvirkis er í rekstri. Heildarfyrningar eru einnig endurmetnar fyrir hvert ár, en þær koma inn í mat á heildareign.

Aðrar tekjur: Fást beint úr ársreikningum Landsvirkjunar.

Tafla V2-1 Arðgjöf Landsvirkjunar af meðaleign í rekstri.

| Ár | Arðgjöf % |
|------|-----------|
| 1969 | 2,33 |
| 1970 | 4,18 |
| 1971 | 6,16 |
| 1972 | 6,03 |
| 1973 | 7,09 |
| 1974 | 5,88 |
| 1975 | 7,61 |
| 1976 | 8,30 |
| 1977 | 7,97 |
| 1978 | 4,99 |
| 1979 | 5,19 |
| 1980 | 5,78 |
| 1981 | 6,83 |
| 1982 | 3,54 |
| 1983 | 6,0* |
| 1984 | 5,5* |
| 1985 | 5,7* |

* Áætlað

V2-2 Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals.

Í þessari aðferð eru öll gjöld Landsvirkjunar (þar á meðal vextir) áætluð fyrir tilvikið án Ísal. Til að meta vextina þarf að áætla lánastöðu Landsvirkjunar hvert ár ef ekki hefði orðið af raforkusamningnum við Ísal og einnig vaxtahlutfallið. Ákveðið var að miða við sama vaxtahlutfall af meðallánum hvers árs eins og það var í raunveruleikanum.

$$\text{Vextir} \\ \text{Vaxtahlutfall} = \frac{\text{(Lán í upphafi árs + lán í árslok)}}{2} \quad (\text{V2-4})$$

Tafla V2-2 sýnir vaxtahlutfallið sem fæst með þessari jöfnu.

Tafla V2-2 Vaxtahlutfall Landsvirkjunar ár hvert samkvæmt jöfnu 4.

| Ár | Vextir % |
|------|----------|
| 1969 | 2,2 |
| 1970 | 6,0 |
| 1971 | 5,0 |
| 1972 | 5,2 |
| 1973 | 6,3 |
| 1974 | 5,6 |
| 1975 | 4,8 |
| 1976 | 3,5 |
| 1977 | 4,8 |
| 1978 | 5,9 |
| 1979 | 6,8 |
| 1980 | 6,8 |
| 1981 | 6,4 |
| 1982 | 8,4 |

Til að meta vaxtagreiðslur án Ísal þarf að áætla lánastöðuna ár hvert og var notuð eftirfarandi jafna til þess:

$$L(t+1) = L(t) \frac{G1(t+1)}{G1(t)} + \frac{(I(t+1) - RH(t+1) - A(t+1))}{G1(t+1)} - \frac{AN(t+1)}{G2(t+1)} \quad (\text{V2-5})$$

þar sem:

$L(t)$: Lán í árslok árið t

$I(t)$: Fjárfestingar á árinu t

$RH(t)$: Rekstrarhagnaður árið t

$A(t)$: Afskriftir árið t

$AN(t)$: Annað á árinu t (t. d. framlög eigenda)

$G1(t)$: Gengi bandaríkjadals í árslok t

$G2(t)$: Meðalgengi dals árið t

Gengið er út frá vissri lánastöðu árið 1968 og lánin eftir það fengin með þessari jöfnu. Til að athuga hve vel þessi aðferð reyndist var henni beitt á raunverulega stöðu Landsvirkjunar og fengust þá niðurstöður sem sýndar eru í töflu V2-3.

Tafla V2-3 Reiknuð lánastaða Landsvirkjunar sem hlutfall af raunverulegri stöðu.

| Ár | Reiknuð lán sem hlutfall af raunverulegum % |
|------|---|
| 1969 | 98 |
| 1970 | 100 |
| 1971 | 96 |
| 1972 | 96 |
| 1973 | 85 |
| 1974 | 87 |
| 1975 | 92 |
| 1976 | 92 |
| 1977 | 88 |
| 1978 | 85 |
| 1979 | 85 |
| 1980 | 90 |
| 1981 | 98 |
| 1982 | 98 |

Á töflunni sést að aðferðin virðist vanmeta lánin, en þó eru frávakin ekki mjög mikil.

Begar vextirnir eru síðan þekktir má fá nauðsynlegar tekjur Landsvirkjunar af orkusölu til almenningsveitna út frá jöfnunni:

Tekjur, almenningsveitur = Rekstrarkostnaður + Vextir +
Fyrningar + Rekstrarhagnaður - Aðrar tekjur (V2-6)

Hér að framan hefur komið fram hvernig hver liður þessarar jöfnu fæst.

V2-3 Heildarendurmat gjalda, lán framreiknuð með stuðli sem fæst frá raunverulegri lánastöðu Landsvirkjunar

Þessi aðferð er eins og V2-2 nema hvað lán eru nú framreiknuð með eftirfarandi jöfnu:

$$L(t+1) = (L(t) + I(t+1) - RH(t+1) - A(t+1) - AN(t+1))ST(t+1) \quad (V2-7)$$

þar sem:

ST(t) : Stuðull sem reiknaður er frá raunverulegri lánastöðu Landsvirkjunar og notaður óbreyttur til að finna lánastöðuna án Ísal

Annað sama og áður.

Gildi stuðulsins ST er sýnt í töflu V2-4.

Tafla V2-4 Stuðull til að framreikna lán.

| Ár | Stuðull |
|------|---------|
| 1969 | 1,02 |
| 1970 | 0,98 |
| 1971 | 1,04 |
| 1972 | 1,12 |
| 1973 | 0,97 |
| 1974 | 1,38 |
| 1975 | 1,32 |
| 1976 | 1,12 |
| 1977 | 1,18 |
| 1978 | 1,52 |
| 1979 | 1,26 |
| 1980 | 1,48 |
| 1981 | 1,19 |
| 1982 | 1,88 |

þar sem þessi stuðull er reiknaður út frá raunverulegri stöðu er ekki mögulegt að sannreyna hann á einn eða neinn

hátt. Taka verður stuðulinn með vissum fyrirvara, því óvist er hve vel hann á við tilvikið án Ísal þar sem um allt aðra lánastöðu er þá að ræða. Ef t. d. eitthvert árið hlutfallið milli fyrsta liðs í jöfnu 7 og annara liða er allt annað án Ísal en með þá má búast við nokkuri skekkju.

Rekstrarhagnaður sem kemur inn í jöfnur V2-5, V2-6 og V2-7 er hafður sá sami án Ísal og hann var í raunveruleikanum. Nokkuð var hugleitt hvort eðlilegt væri að nota annan hagnað í tilvikinu án Ísal en var í raunveruleikanum, þar sem Landsvirkjun væri þá "minna fyrirtæki". Ef einungis er litið á hagkvæmni raforkusamningsins fyrir almenna raforkunotendur þá er eðlilegt að miða við það jaðartilvik að raforkusamningurinn við Ísal breyti engu um rekstrarhagnaðinn/tap Landsvirkjunar.

VIÐAUKI 3

Ýmsar töflur

TÖFLUSKRÁ

Bls.

| | | |
|------|---|----|
| V3-1 | Meðaleign í rekstri og afskriftir ár hvert, MGkr á verðlagi hvers árs | 41 |
| V3-2 | Rekstrarkostnaður ár hvert í MGkr á verðlagi hvers árs | 41 |
| V3-3 | Fjárfestingar í MGkr á verðlagi hvers árs | 42 |
| V3-4 | Rekstrarhagnaður og "Annað" í MGkr á verðlagi hvers árs | 42 |
| V3-5 | Raunverulegar og áætlaðar tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna ef gert er ráð fyrir sömu arðgjöf af eignum í rekstri og varð í raunveruleikanum. MGkr á verðlagi hvers árs | 43 |
| V3-6 | Lán og vextir í MGkr á verðlagi hvers árs, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals | 43 |
| V3-7 | Raunverulegar og áætlaðar tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna út frá heildarendurmáti gjalda, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals. MGkr á verðlagi hvers árs | 44 |
| V3-8 | Lán og vextir í MGkr á verðlagi hvers árs, lán framreiknuð með stuðli | 44 |
| V3-9 | Raunverulegar og áætlaðar tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna út frá heildarendurmáti gjalda, lán framreiknuð með stuðli. MGkr á verðlagi hvers árs | 45 |

Tafla V3-1 Meðaleign í rekstri og afskriftir ár hvert,
MGkr á verðlagi hvers árs.

| Ár | Raunveruleg staða | | Tilvik 1 | | Tilvik 2 | | Tilvik 3 | |
|------|----------------------|-------|----------|-------|----------|-------|----------|---------|
| | E | A | E | A | E | A | E | A* |
| 1969 | 4468 | 89,7 | 4234 | 89,7 | 4234 | 89,7 | 4234 | 89,7 |
| 1970 | 4858 | 150,7 | 4538 | 135,6 | 4538 | 135,6 | 4538 | 135,6 |
| 1971 | 5104 | 153,5 | 4707 | 138,3 | 4707 | 138,3 | 4707 | 138,3 |
| 1972 | 5939 | 164,9 | 5040 | 145,1 | 5040 | 145,1 | 5040 | 145,1 |
| 1973 | 7614 | 187,1 | 5982 | 126,0 | 5766 | 126,0 | 5766 | 126,0 |
| 1974 | 10530 | 424,7 | 8095 | 333,3 | 7585 | 317,0 | 7585 | 317,0 |
| 1975 | 14380 | 554,3 | 10990 | 430,0 | 10320 | 406,1 | 10320 | 406,1 |
| 1976 | 17510 | 655,0 | 15460 | 508,3 | 14650 | 479,9 | 14650 | 479,9 |
| 1977 | 26170 | 953,8 | 22360 | 898,3 | 22010 | 853,9 | 21270 | 853,9 |
| 1978 | 47450 | 1883 | 33960 | 1506 | 34190 | 1506 | 32270 | 1433 |
| 1979 | 80810 | 3049 | 49590 | 2231 | 49940 | 2231 | 47140 | 2128 |
| 1980 | 126100 | 5080 | 72220 | 3203 | 72730 | 3203 | 68700 | 3044 |
| 1981 | 190500 | 6900 | 96780 | 4320 | 97570 | 4396 | 92120 | 4164 |
| 1982 | 570100 | 22070 | 376300 | 13260 | 378400 | 13260 | 373700 | 13140 |
| 1983 | 974000 | 24900 | 689000 | 20300 | 691000 | 20300 | 687000 | 20300** |
| 1984 | 1042000 | 28700 | 740000 | 22900 | 742000 | 22900 | 738000 | 22900** |
| 1985 | 1061000 | 29700 | 736000 | 23900 | 738000 | 23900 | 734000 | 23900** |

* E : Meðaleign, A : Afskriftir
** Áætlað, verðlag í lok árs 1982

Tafla V3-2 Rekstrarkostnaður ár hvert í MGkr á verðlagi
hvers árs.

| Ár | Raunveruleg staða | | Tilvik 1 | | Tilvik 2 | | Tilvik 3 | |
|------|----------------------|-------|----------|------|----------|-------|----------|--------|
| | 62,0 | 60 | 62 | 58 | 135,6 | 132 | 113 | 127 |
| 1969 | 62,0 | 60 | 62 | 58 | 135,6 | 132 | 113 | 127 |
| 1970 | 135,6 | 158,3 | 154 | 124 | 158,3 | 154 | 124 | 144 |
| 1971 | 158,3 | 181,8 | 177 | 156 | 181,8 | 177 | 156 | 146 |
| 1972 | 181,8 | 217,0 | 206 | 195 | 217,0 | 206 | 195 | 168 |
| 1973 | 217,0 | 286,5 | 280 | 292 | 286,5 | 280 | 292 | 220 |
| 1974 | 286,5 | 400,8 | 389 | 420 | 400,8 | 389 | 420 | 306 |
| 1975 | 400,8 | 486,1 | 482 | 506 | 486,1 | 482 | 506 | 479 |
| 1976 | 486,1 | 724,9 | 720 | 640 | 724,9 | 720 | 640 | 566 |
| 1977 | 724,9 | 1322 | 1277 | 1007 | 1322 | 1277 | 1007 | 901 |
| 1978 | 1322 | 1667 | 1586 | 1429 | 1667 | 1586 | 1429 | 1417 |
| 1979 | 1667 | 3520 | 3299 | 2251 | 3520 | 3299 | 2251 | 2017 |
| 1980 | 3520 | 7737 | 5261 | 3344 | 7737 | 5261 | 3344 | 3603 |
| 1981 | 7737 | 11650 | 11380 | 5660 | 11650 | 11380 | 5660 | 8269 |
| 1982 | 11650 | 16400 | 15500 | 7700 | 16400 | 16300 | 7800 | 12400* |
| 1983 | 16400 | 18300 | 16400 | 7800 | 16400 | 16400 | 7800 | 12400* |
| 1984 | 17400 | 18300 | 16400 | 7800 | 17400 | 18300 | 16400 | 12400* |
| 1985 | 18300 | | | | 18300 | | | 12400* |

* Áætlað, verðlag í lok árs 1982

Tafla V3-3 Fjárfestingar í MGkr á verðlagi hvers árs.

| Ár | Raunverulegar | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 |
|------|---------------|----------|----------|----------|
| 1968 | 2051 | 1888 | 1888 | 1888 |
| 1969 | 975,3 | 796,4 | 796,4 | 796,4 |
| 1970 | 668,9 | 72,7 | 72,7 | 72,7 |
| 1971 | 931,7 | 54,4 | 40,5 | 40,5 |
| 1972 | 804,9 | 359,2 | 40,6 | 40,6 |
| 1973 | 520,6 | 264,4 | 165,1 | 165,1 |
| 1974 | 1764 | 1899 | 1849 | 1849 |
| 1975 | 4913 | 3398 | 3442 | 3393 |
| 1976 | 7115 | 1705 | 2733 | 1705 |
| 1977 | 5148 | 2521 | 2840 | 2521 |
| 1978 | 4600 | 2184 | 2350 | 2184 |
| 1979 | 10550 | 7458 | 7474 | 7458 |
| 1980 | 30440 | 26000 | 26000 | 26250 |
| 1981 | 48190 | 50600 | 50600 | 57450 |
| 1982 | 93290 | 38590 | 38590 | 41230 |

Tafla V3-4 Rekstrarhagnaður og "Annað" í MGkr á verðlagi hvers árs.

| Ár | Rekstrarhagnaður | Annað |
|------|------------------|-------|
| 1969 | 16,9 | - |
| 1970 | -76,8 | 82 |
| 1971 | 46,1 | - |
| 1972 | 25,8 | 251 |
| 1973 | 102,5 | - |
| 1974 | 106,2 | 116 |
| 1975 | 348,8 | 124 |
| 1976 | 621,6 | 471 |
| 1977 | 514,0 | -73 |
| 1978 | -597,0 | -288 |
| 1979 | -966,4 | 360 |
| 1980 | -1470 | 526 |
| 1981 | -582,1 | 764 |
| 1982 | -15210 | 1044 |

Tafla V3-5 Raunverulegar og áætlaðar tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna ef gert er ráð fyrir sömu arðgjöf af eignum í rekstri og varð í raunveruleikanum. MGkr á verðlagi hvers árs.

| Ár | Raunveruleg staða | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 |
|------|-------------------|----------|----------|----------|
| 1969 | 199,3 | 235,1 | 237,1 | 232,9 |
| 1970 | 296,6 | 426,5 | 407,8 | 421,9 |
| 1971 | 413,7 | 547,8 | 517,5 | 537,2 |
| 1972 | 455,7 | 584,9 | 563,9 | 553,5 |
| 1973 | 585,6 | 711,7 | 683,4 | 656,1 |
| 1974 | 923,5 | 1042 | 1007 | 935,4 |
| 1975 | 1484 | 1581 | 1537 | 1422 |
| 1976 | 1744 | 2163 | 2092 | 2065 |
| 1977 | 2563 | 3180 | 2969 | 2895 |
| 1978 | 3475 | 3950 | 3524 | 3417 |
| 1979 | 5844 | 5645 | 5258 | 4784 |
| 1980 | 10510 | 9211 | 7800 | 7299 |
| 1981 | 19750 | 14110 | 11150 | 11100 |
| 1982 | 38240 | 32580 | 27110 | 29700 |
| 1983 | 76000 | 68000 | 61000 | 65000* |
| 1984 | 80000 | 71000 | 63000 | 68000* |
| 1985 | 85000 | 73000 | 66000 | 70000* |

* Áætlað, verðlag í lok árs 1982

Tafla V3-6 Lán og vextir í MGkr á verðlagi hvers árs, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals.

| Ár | Raunveruleg staða | | Tilvik 1 | | Tilvik 2 | | Tilvik 3 | |
|------|-------------------|--------|----------|--------|----------|--------|----------|--------|
| | Lán | Vextir | Lán | Vextir | Lán | Vextir | Lán | Vextir |
| 1968 | 3514 | 23 | 3340 | | 3340 | | 3340 | |
| 1969 | 4459 | 87 | 4030 | 81 | 4030 | 81 | 4030 | 81 |
| 1970 | 4882 | 280 | 3962 | 240 | 3962 | 240 | 3962 | 240 |
| 1971 | 5838 | 268 | 3802 | 194 | 3790 | 194 | 3790 | 194 |
| 1972 | 6946 | 332 | 4188 | 208 | 3818 | 198 | 3818 | 198 |
| 1973 | 6986 | 438 | 3626 | 246 | 3217 | 222 | 3217 | 222 |
| 1974 | 11190 | 513 | 6715 | 290 | 6097 | 261 | 6097 | 261 |
| 1975 | 19850 | 745 | 12440 | 460 | 11630 | 425 | 11570 | 424 |
| 1976 | 28240 | 833 | 13930 | 462 | 14120 | 451 | 12990 | 430 |
| 1977 | 37660 | 1573 | 16920 | 740 | 17520 | 760 | 15910 | 694 |
| 1978 | 62870 | 2966 | 27080 | 1299 | 28180 | 1348 | 25660 | 1227 |
| 1979 | 89160 | 5160 | 40150 | 2286 | 41540 | 2370 | 34690 | 2052 |
| 1980 | 169200 | 8737 | 94340 | 4573 | 96530 | 4694 | 86240 | 4112 |
| 1981 | 257100 | 13600 | 175500 | 8637 | 178300 | 8795 | 172800 | 8290 |
| 1982 | 617200 | 36560 | 409500 | 24570 | 415100 | 24930 | 405500 | 24290 |

Tafla V3-7 Raunverulegar og áætlaðar tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna út frá heildarendumati gjalda, lán framreiknuð með gengi bandaríkjadals. MGkr á verðlagi hvers árs.

| Ár | Raunveruleg staða | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 |
|------|----------------------|----------|----------|----------|
| 1969 | 199,3 | 234,4 | 236,4 | 232,1 |
| 1970 | 296,6 | 400,3 | 381,3 | 395,6 |
| 1971 | 413,7 | 497,6 | 467,6 | 487,6 |
| 1972 | 455,7 | 514,8 | 493,8 | 473,8 |
| 1973 | 585,6 | 634,1 | 599,1 | 572,1 |
| 1974 | 923,5 | 962,0 | 928,7 | 856,7 |
| 1975 | 1484 | 1553 | 1525 | 1410 |
| 1976 | 1744 | 1964 | 1949 | 1901 |
| 1977 | 2563 | 2652 | 2547 | 2407 |
| 1978 | 3475 | 2958 | 2737 | 2437 |
| 1979 | 5844 | 4391 | 4318 | 3885 |
| 1980 | 10510 | 8139 | 7212 | 6237 |
| 1981 | 19750 | 15550 | 13870 | 13390 |
| 1982 | 38240 | 29140 | 23780 | 25630 |

Tafla V3-8 Lán og vextir í MGkr á verðlagi hvers árs, lán framreiknuð með stuðli.

| Ár | Raunveruleg staða | | Tilvik 1 | | Tilvik 2 | | Tilvik 3 | |
|------|----------------------|--------|----------|--------|----------|--------|----------|--------|
| | Lán | Vextir | Lán | Vextir | Lán | Vextir | Lán | Vextir |
| 1968 | 3514 | 23 | 3340 | | 3340 | | 3340 | |
| 1969 | 4459 | 87 | 4110 | 82 | 4110 | 82 | 4110 | 82 |
| 1970 | 4882 | 280 | 3961 | 242 | 3961 | 242 | 3961 | 242 |
| 1971 | 5838 | 268 | 3985 | 199 | 3970 | 198 | 3970 | 198 |
| 1972 | 6946 | 332 | 4393 | 218 | 4019 | 208 | 4019 | 208 |
| 1973 | 6986 | 438 | 4296 | 274 | 3837 | 247 | 3837 | 247 |
| 1974 | 11190 | 513 | 7782 | 338 | 7103 | 306 | 7103 | 306 |
| 1975 | 19850 | 745 | 13570 | 512 | 12760 | 477 | 12690 | 475 |
| 1976 | 28240 | 833 | 15310 | 505 | 15590 | 496 | 14370 | 474 |
| 1977 | 37660 | 1573 | 19460 | 835 | 20220 | 859 | 18400 | 786 |
| 1978 | 62870 | 2966 | 31960 | 1517 | 33360 | 1581 | 30450 | 1441 |
| 1979 | 89160 | 5160 | 47610 | 2705 | 49400 | 2814 | 45850 | 2594 |
| 1980 | 169200 | 8737 | 105600 | 5220 | 108300 | 5360 | 103600 | 5081 |
| 1981 | 257100 | 13600 | 180500 | 9156 | 183600 | 9339 | 186500 | 9283 |
| 1982 | 617200 | 36560 | 413600 | 24950 | 419400 | 25330 | 430000 | 25890 |

Tafla V3-9 Raunverulegar og áætlaðar tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu til almenningsveitna út frá heildarendurmáti gjalda, lán framreiknuð með stuðli. MGkr á verðlagi hvers árs.

| Ár staða | Raunveruleg | Tilvik 1 | Tilvik 2 | Tilvik 3 |
|-------------|-------------|----------|----------|----------|
| 1969 | 199,3 | 235,4 | 237,4 | 233,1 |
| 1970 | 296,6 | 402,3 | 383,3 | 397,6 |
| 1971 | 413,7 | 502,6 | 471,6 | 491,6 |
| 1972 | 455,7 | 524,8 | 503,8 | 483,8 |
| 1973 | 585,6 | 662,1 | 624,1 | 597,1 |
| 1974 | 923,5 | 1010 | 973,7 | 901,7 |
| 1975 | 1484 | 1605 | 1577 | 1461 |
| 1976 | 1744 | 2007 | 1994 | 1945 |
| 1977 | 2563 | 2747 | 2646 | 2499 |
| 1978 | 3475 | 3176 | 2970 | 2651 |
| 1979 | 5844 | 4810 | 4762 | 4427 |
| 1980 | 10510 | 8786 | 7878 | 7206 |
| 1981 | 19750 | 16070 | 14410 | 14380 |
| 1982 | 38240 | 29520 | 24180 | 27230 |